

3. gr.

12

Brot á reglugjörð þessari varða sektum frá 5—500 krónum, er 4. marz renna í bæjarsjóð. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Hver hundur, sem fyrirfinnst í bænum fram yfir heimild 2. gr., er réttdræpur, nema hann fylgi aðkomumanni.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Neskaupstað hefir samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. mars 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGJÖRÐ

13

4. marz

um

skylduvinnu fanga á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, er sett eftirfarandi bráðabirgðareglugjörð um skylduvinnu þeirra fanga, sem dæmdir hafa verið til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi.

1. gr.

Vinnuhæli fyrir fanga, sem dæmdir hafa verið til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, er á Litla-Hrauni við Eyrarbakka.

2. gr.

Vinnuhælinu stýrir vinnuhælisstjóri undir umsjón þriggja manna stjórnarnefndar og yfirmsjón dómsmálaráðherra. Í nefndinni eru sýslumaðurinn í Árnessýslu, héraðslæknirinn í Eyrarbyggahéraði og þriðji maður, er dómsmálaráðherra tilnefnir. Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir umsjá með úttekning hegningar í vinnuhælinu.

13

4. marz

3. gr.

Um vinnu fanganna og það, sem kemur henni við eru settar reglur í eftirfarandi greinum, en að öðru leyti fer um fangana alveg eftir þeim reglum, er fylgt hefir verið um slíka fanga í hegningarhúsinu í Reykjavík, sbr. reglur fyrir fanga, sem settir eru til gæzlu í fangelsi það, sem sameinað er hegningarhúsinu í Reykjavík, dags. 24. júní 1874.

4. gr.

Föngunum skal jafnan haldið til vinnu, ef hraustir eru. Þeim er skylt að vinna hverja þá vinnu, sem eigi verður talin þeim um megn.

5. gr.

Föngunum skal sagt til við vinnuna eftir þörfum, og skal fá þeim nauðsynleg áhöld.

6. gr.

Hælið sér föngunum fyrir slitfötum til að hafa yzt klæða við vinnuna og fyrir skóm.

7. gr.

Fangar, sem stunda vinnuna vel, skulu til uppörfunar fá daglaun fyrir þá daga, er þeir vinna fullt dagsverk, sem hér segir: Fyrir tímabilið frá 1. okt. til 1. maí 50 aura á dag. Fyrir tímabilið frá 1. maí til 1. okt. 110 aura á dag.

8. gr.

Ef vinnan er þannig, að fangarnir geti unnið að henni í samningsvinnu (akkorði), annaðhvort einn og einn eða fleiri saman, má forstjóri láta þá vinna á þann hátt og greiða þeim fyrir vinnuna eftir sannvirði hennar, að frádregnum kr. 5.00 fyrir hvern dag til vinnuhælisins fyrir útivinnu og kr. 3.00 fyrir hvern dag fyrir innivinnu.

Það er algerlega á valdi forstjórans, hvort samningsvinna er leyfð eða ekki.

9. gr.

Föngunum skal engin laun greiða:

- a. Ef þeir eru latir eða hysknir við vinnuna.
- b. Ef þeir vinna svo illa, að þeir skemmi að mun verkefnið.
- c. Ef þeir tefja aðra fanga með málæði eða öðru.

10. gr.

Fangar fá hvorki föt eða daglaun, ef þeir ekki vnina,

11. gr.

13

Fangar geta fengið hærri daglaun en að framan er ákveðið:

4. marz

- a. Ef þeir eru framúrskarandi trúir, vandvirkir og mikilvirkir.
- b. Ef þeim er falin stjórn vinnuflokks, og fer það vel úr hendi.
- c. Ef þeim er einum trúað fyrir verki úti án eftirlits, og leysa það af hendi óaðfinnanlega að öllu leyti.

Hækkunin má aldrei fara fram úr því, að daglaun verði 2 krónur um tímann frá 1. maí til 1. okt. og 80 aurar frá 1. okt. til 1. maí.

12. gr.

Daglaun skal greiða af höndum við burtför fangans. Skulu þau, að frádregnum nauðsynlegum ferðapeningum, sem fanginn fær í hendur, send lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, sem fanginn á heima í, og sér hann um að peningarnir komi fanganum að gagni og afhendir honum þá eftir þörfum hans.

13. gr.

Fangarnir skulu mánaðarlega fá kvittun fyrir inneign sinni.

14. gr.

Með samþykki fangans getur forstjóri ákveðið að allt að helmingi daglauna fangans sendist ættingjum hans. Ef kona fangans eða börn eru mjög þurfandi getur forstjóri sent þeim allt að helmingi daglauna fangans án hans samþykkis.

15. gr.

Fangi hefir ekki umráðarétt yfir þeim peningum, sem hann á inni hjá hælínu að neinu leyti. Ekki geta skuldheimtumenn heldur heimt að af þeim peningum til greiðslu upp í skuldir fangans.

16. gr.

Fangarnir skulu vaktir kl. 6¼ að morgni. Kl. 7 taka þeir til vinnu. Kl. 10—10½ er morgunverður. Kl. 2—3 er miðdegisverður. Kl. 6½ er vinnu lokið. Kl. 7 er kvöldverður. Kl. 10 skulu þeir allir háttaðir og eru þá ljós slökkt.

17. gr.

Á laugardögum hætta fangarnir vinnu kl. 2½, nema tímann frá 1. júlí til 15. september.

18. gr.

Á sunnudögum fara fangar á fætur einni stundu síðar en á virkum dögum.

13

4. marz

19. gr.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí getur forstjóri stytt daglegan vinnutíma allt að einni stund, ef henni er varið til fræðslu.

20. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí til 15. september getur forstjóri lengt daglegan vinnutíma allt að einni stund, ef unnið er útivið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. marz 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

14

4. marz

ERINDISBRÉF

handa lækni vinnuhælisins á Litla-Hrauni.

1. gr.

Hafa skal heilsufarsbók fyrir hvern fanga.

Læknir skal rannsaka hvern nýjan fanga vandlega og skrá í þessa bók.

Skal athuga vel líkamsheilsu fangans, en líka sálarheilsu hans, gáfnafar og geðsmuni — hvort um er að ræða nokkra meðfædda veiklun, eða einhverja tegund af geðveiki eða brjálsemi.

2. gr.

Læknir gætir þess, að allir hollustuhættir séu í sem beztu lagi.

Ef eitthvað er að í þeim efnum, skal hann skýra forstöðumanni frá því hverra umbóta sé þörf.

Nú kemur einhver farsótt upp í hælina og skal læknir þá tafarlaust skýra heilbrigðisstjórninni frá öllum málavöxtum.

3. gr.

Læknir annast alla sjúka fanga, að þeir fái það fæði, aðbúð, hjúkrun og lækningu, sem nauðsyn krefur, líkt og vant er að veita, eftir ástæðum, á góðu heimili, eða í almennu sjúkrahúsi eða heilsuhæli — allt eftir því hver veikin er og hvernig henni er háttað — en þó svo, að ekki sé vikið frá heimilisháttum á hælina frekar en þörf gerist,